

jarðarinnar, að hún hafi verið að myndast í millíónir ára, og áður en hún gæti orðið til sem jörð, hefði sólin orðið að hafa verið til, í stað þess að jörðin væri sköpuð á einum degi og sólin ekki fyrir en hinn annan dag þar á eftir, og þá að eins til þess að lýsa jörðunni. Sköpunarsagan fellur alveg um og með henni sagan um heilagleik mannsins. Eða þá það, að sagan um Eden er tóm hugarsmíð. Sá staður hvergi til. Að hér á jörð sé engin Eden og engir Kerúbim með glóandi sverð. Með þeirri sögu tapast allt, sem þar átti að hafa skeð,—fall konunnar, fæðing syndarinnar, er síðan gekk í erfðir til allra mannanna barna og loks þurfti að verða tvisvar til að eyðileggja mannkynið á jörðunni, fyrst í flóðinu mikla og svo í persónu Krists á krossinum. Það tapast ekki eingöngu mikið úr forna kenningakerfinu við það, að báðar þessar sögur sé settar til síðu, heldur aðalhornsteinninn allrar orþodoxu kenningarinnar um syndafall, um útskúfun, um endurlausn og þá líka um þrenningu sem hina nauðsynlegu afleiðingu endurlausnarkenningarinnar.

En þrátt fyrir þetta tapast ekki hugmyndin um guð. En guð að eins hlýtur að vera öðruvísi og hafa hagað öðruvísi til en þar segir. Og þá erum vér komin að undirstöðuatriði Unitara. Vér getum ekki annað, vér megum til, ef vér erum þessarar aldar menn með augun opin fyrir þeim sannleika, sem öllum er opinber.

Vér trúum enn á guð og sannleik þann, sem hann innifelur í þessum heimi, sem er að verða oss smásaman kunnari og skiljanlegri, og þess dýrðlegri sem hann verður oss skiljanlegri. En vér höfnum því, að hann hafi á nokkrum tíma opinberað oss alla sína leyndardóma í eitt skifti fyrir öll, og að þeir finnist allir innan spjalda nokkurrar bókar. Eg segi, að sannleikurinn, sem vér smálærum að þekkja með því að skoða þenna heim, verður oss altaf dýrðlegri, eftir því sem vér lærum meira. Það hefir stundum verið sagt, að allur sá vísdómur væri kaldur og snerti hvergi mannshjartað hjá því sem hin lifandi orð heilagrar ritningar. En, kæru vinir, það hefir aldrei nokkurn tíma nokkur dýrðlingur eða helgur maður lesið með meiri lotningu og tilfinningu einn einasta staf þeirrar bókar en stjörnuspekingurinn